

20. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvammstangahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 93.

9. febrúar 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsfjarðar nr. 220/1972.

1. gr.

9. gr. hljóði svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæði sem vatn er lagt að sbr. 5. gr. skal greiða vatnsskatt 0,15% af fasteignamatssverði húss og lóðar eins og það er hverju sinni.

Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,15% af fasteignamatssverði lóða þeirra:

	Lágmarks- gjaldstuðull kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vöruheymslur og annað húsnæði ótilgreint	0,75	1,00
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar	1,00	1,25
Iðnaðarhúsnæði	1,10	1,35
Verslunar- og skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	1,35	1,60

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 120.00.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

2. gr.

10. gr. hljóði svo:

Auk vatnsskatts skv. 9. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskattinn skal innheimta skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með 0,35 fyrir hvern rúmmetra vatns. Leiga fyrir mæli skal vera kr. 180,00 á ári. Gjaldtagi aukavatnsskatts skal vera ársfjórðungslega.

3. gr.

12. gr. hljóði svo:

Auk vatnsskatta skv. 9. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 4,00 fyrir hvern rúmmetra, þó aldrei minna en kr. 100,00 hverju sinni. Gjald þetta greiðist við móttöku.

2. Fyrir fiskibáta og skip sem gerð eru út frá Ólafsfirði skal greiða sem hér segir:
 Fyrir báta 12 tonn og minni kr. 180,00 á ári.
 Fyrir báta frá 12 tonnum og allt að 100 tonnum kr. 400,00 á ári.
 Fyrir skip stærri en 100 tonn kr. 180,00 á ári.
 Gjaldldagi er 1. júlí ár hvert.
3. Af þvottaplönnum greiðist kr. 1 000,00 á ári. Gjaldldagi er 1. júlí ár hvert.
4. Fyrir önnur vatnsafnot greiðist skv. ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.
 Gjöld skv. grein þessari breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati.

4. gr.

16. gr. hljóði svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 2 000,00 nema þyngri refsing liggji við skv. lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni skal bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði
 nr. 221/1972.

5. gr. hljóði svo:

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist af bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi, við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, eins og það er hverju sinni.

Lágmark og hámark holræsagjalds skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,15% af fasteignamati lóðar þeirra:

	Lágmarks- gjaldstuðull kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vörugeymslur og annað húsnæði ótilgreint	0,75	1,00
Íbúðarhúsnæði og bílskurar	1,00	1,25
Iðnaðarhúsnæði	1,10	1,35
Verslunar- og skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	1,35	1,60

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.